

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

125. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara var haldinn þriðjudaginn 20. desember 2022. Fundurinn sem var fjarfundur á Teams hófst kl. 13:00.

Á fundinum voru fh. FL, Haraldur F. Gíslason og Fh. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Rakel Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Tillaga frá stjórn Vísindasjóðs um breytingar á styrkfjárhæðum vegna hópferða.

Tillaga sjóðsstjórnar um hækkun styrkfjárhæða vegna hópferða hefur borist samningsaðilum til staðfestingar. Tillagan gerir ráð fyrir að styrkfjárhæð vegna náms- og kynnisferða innan Evrópu hækki úr kr. 140.000 í kr. 170.000. Þá er lagt til að vegna náms- og kynnisferða utan Evrópu hækki styrkfjárhæð úr kr. 160.000 í kr. 190.000. Lagt er til að styrkuppheimildirnar hækki frá og með 1. janúar 2023.

Niðurstaða:

Samningsaðilar eru sammála um að frá og með 1. Janúar 2023 breytist styrkfjárhæðir og verði sem hér segir:

Styrkfjárhæð vegna náms- og kynnisferða innan Evrópu verði að hámarki kr. 170.000

Styrkfjárhæð vegna náms- og kynnisferða utan Evrópu verði að hámarki kr. 190.000.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:15.